

Reglur um þátttöku Þingeyjarsveitar við uppgröft og fyllingar á lóðum

1. gr.

Samkvæmt reglum þessum styrkir Þingeyjarsveit húsbyggjendur einbýlis-, par- og raðhúsa við uppgröft og fyllingar á úthlutuðum lóðum skv. nánari skilgreiningu í reglum þessum.

2. gr.

Sé meðaldýpi á burðarhæfan jarðveg neðar en 3,5 metrar frá botnplötu (lægsta gólf) húss, styrkir Þingeyjarsveit lóðarhafa sem svarar til kostnaðar við útgröft niður á burðarhæfan botn og malarfyllingu í grunninn, allt að 5,0 metrum neðar en botnplata (lægsta gólf). Að útgreftri loknum skulu fulltrúar lóðarhafa og Þingeyjarsveitar mæla sameiginlega dýpt á burðarhæfan botn.

3. gr.

Lóðarhafi skal áður en framkvæmdir hefjast, kanna sjálfur með viðurkenndum aðferðum dýpt í grunni. Reynist jarðvegisdýpi við slíka mælingu meira en fram kemur á mæliblaði skal hann tilkynna það til skrifstofu Þingeyjarsveitar.

4. gr.

Styrkur er eingreiðsla og greiðist þegar lóðarhafi leggur fram vottorð byggingarfulltrúa um að jarðvegsskiptum sé lokið samkvæmt samþykktri bygginganefndarteikningu og gengið hafi verið frá greiðslu vegna gatnagerðargjalda sem gjaldfallin eru. Styrkur er án tillits til hússtærðar og reiknast skv. eftirfarandi töflu:

m	kr.
3,5 m	0
4,0 m	200 þ
4,5 m	400 þ
5,0 m og dýpra	600 þ

Greiðsla reiknast línulega milli flokka.

5. gr.

Upphæðir breytast fyrsta dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu, sem er við gildistöku 351,4 stig.

Samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 4. 9. 2006.